



Almennir viðskiptaskilmálar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

Gildissvið

Eftirfarandi viðskiptaskilmálar skulu gilda við kaup HSS á vöru og þjónustu. Seljandi eða þjónustuveitandi, hér eftir nefnt birgir, sem afhendir vöru eða þjónustu samkvæmt pöntun eða beiðni frá HSS telst hafa undirgengist skilmálana hafi ekki verið samið um annað. Viðskiptaskilmálar HSS eru settir með vísan til 3. gr. reglugerðar 822/2021 um sjóðstýringu ríkisaðila og verkefna í A-hluta ríkissjóðs.

Verð

Allur kostnaður sem fellur til skal innifalinn í uppgefnu verði birgja. Einungis skal birta gjöld sem tengjast seldri vöru eða þjónustu á reikningi en ekki önnur viðbótargjöld svo sem seðil- eða þjónustugjöld. Telji birgir sig eiga rétt á greiðslu umfram verð vöru eða veittrar þjónustu skal hann senda nýjan reikning, með vísan í þann fyrri, ásamt skýringum og tilvísun í viðeigandi samningsákvæði.

Afhending reiknings

Eftirfarandi gildir:

- Reikning til HSS skal afhenda með rafrænum hætti í gegnum skeytamiðlun. Reikningi á pappír verður hafnað
- Reikning skal gefa út samkvæmt gildandi tækniforskrift Staðlaráðs fyrir rafrænan reikning, TS-236 sem er samhæfð evrópska staðlinum CEN EN-16931 og PEPPOL BIS. Eldri tækniforskrift NES er fallin úr gildi
- Reikningur á PDF-formi telst ekki vera rafrænn reikningur
- Greiðsluseðill eða innheimtukrafa er ekki reikningur

Birgi, sem er án bókhaldskerfis eða er ekki bókhaldsskyldur, er heimilt að nota rafræna reikningagátt FJS. Birgi/Birgjum ber að vista frumgögn í eigin bókhaldi í samræmi við ákvæði bókhaldslaga. Bent er á að öll bókhaldskerfi geta sent rafræna reikninga. Eins má nýta skeytamiðlara til að senda staðlaða rafræna reikninga.

Upplýsingar á reikningum

Á reikningi skulu koma fram upplýsingar um uppruna viðskipta, ásamt nafni og deild eða kostnaðarstað tengiliðs hjá HSS.

Að auki skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á reikningi:

- Lýsing á vöru eða veittri þjónustu, einingaverð og magntölur
- Verð birgis skal innifela allan kostnað
- Bankareikning, svo mögulegt sé að greiða með millifærslu ef þörf krefur

Þá skal birta eftirfarandi atriði á reikningi þegar þau eiga við:

- Númer pöntunar eða beiðni, ef uppgefið af kaupanda
- Verknúmer og verkliður, ef uppgefið af kaupanda
- Númer og heiti samnings (t.d. rammasamnings) sem verð og önnur kjör byggja á

Uppfylli reikningur ekki þessi skilyrði er réttur áskilinn til að hafna greiðslu og endursenda hann



Gjaldfrestur og greiðslufyrirkomulag

Eftirfarandi ákvæði gilda um gjaldfrest og greiðslufyrirkomulag:

- Almennur gjaldfrestur skal vera 60 dagar frá afhendingardegi reiknings hjá skeytamiðlara
- Birgi er heimilt að nota greiðsluseðil til stýringar greiðslu sér til hagræðis. Tryggja verður að ákvæði um afhendingu, gjaldfrest og seðilgjöld séu virt ef greiðsluseðill er notaður. Að öðrum kosti verður samþykktur reikningur greiddur með millifærslu 60 dögum eftir afhendingardag hjá skeytamiðlara

Viðskiptayfirlit

Birgir velur annað hvort:

- Að gefa út reikning fyrir hverja afhendingu sem lokið er eða samkvæmt samningi
- Að setja hverja úttekt á viðskiptareikning og gefa út reikning fyrir hverja deild/kostnaðarstað í lok mánaðar með vísan í afhendingarseðla. Afhendingarseðill skal fylgja hverri afhendingu

Athugið:

- Viðskiptayfirlit skulu vera rafræn
- Viðskiptayfirlit er ekki reikningur og greiðsluseðil má ekki tengja við það

Kreditreikningur

Ef nauðsynlegt er að leiðrétta reikning skal gefa út kreditreikning og tilgreina eftirfarandi:

- Ástæðu leiðréttinga
- Númer áður útgefins reiknings
- Ráðstöfun greiðslu, t.d. númer bankareiknings eða maskað / hluta úr kortanúmer sem greitt er inn á
- Ef greitt var með kreditkortu ber birgi að endurgreiða inn á sama kort og greitt var með

Form innkaupapantana

Til að tryggja rekjanleika og gegnsæi í innkaupum stofnunarinnar sem og draga úr áhættu á að birgjar afhendi óprúttnum aðilum vörur fyrir mistök, þá notar HSS eftirfarandi form og leiðir til innkaupa:

- Innkaupapöntun (PO) úr Orra
- Tölvupóstur frá Innkaupadeild HSS (innkaup@hss.is)
- Tölvupóstur frá tengilið vegna samnings/útboðs

Ef birgir fær innkaupapöntun í nafni HSS á öðru formi eða grunur vaknar um misferli skal hann leita til innkaupadeildar HSS um gildi pöntunar áður en vara er afgreidd eða þjónusta veitt.

Afhendingarstaður og skilmálar

Vörur skulu afhentar og þjónusta veitt á þeim stað eða þeim flutningsaðila sem tilgreindur er í innkaupapöntun.

Sé ekki mælt fyrir um flutningsaðila skal birgir, nema annað sé tekið fram, afhenda vörur á flutningastöð **Samskipa** sem staðsett er næst birgi.

HSS greiðir ekki sérstaklega fyrir flutning vöru frá birgi til afhendingarstaðar (flutningastöðvar þar sem það á við), nema slíkt sé sérstaklega tilgreint sem sérliður í innkaupapöntun og er slíkur kostnaður því að jafnaði innifalinn í heildarverði pöntunar, nema annað sé sérstaklega tilgreint.

Séu vörur afhentar annars staðar en óskað var eftir í innkaupapöntun, áskilur HSS sér rétt til þess að innheimta hjá birgi allan viðbótarkostnað sem HSS kann að verða fyrir vegna þess, og draga frá greiðslu vegna vörukaupa.



Pökkun og merking á vörum og sendingum

Birgi ber að búa um og pakka vörum á þann hátt að þær eigi ekki á hættu að skemmast né rýrna við flutning á tilgreindan afhendingarstað skv. innkaupapöntun.

Allar umbúðir og pakkningar skulu merktar HSS og með nafni deildar og pöntunarnúmeri innkaupapöntunar.

Öllum sendingum birgis skal fylgja pökkunarlisti og/eða reikningur.

Vörur skulu merktar með vörunúmeri eða vöruheiti birgis.

Ef um er að ræða hættulegar vörur og/eða efnavörur, þá skal öryggisblað fylgja vörunni (SDS).

Ef um er að ræða hættulegar vörur og/eða efnavörur skulu þær vera í viðeigandi umbúðum/pakkningum og merktar í samræmi við lög og reglur eftir því sem við á.

Birgir skal leitast við að velja umbúðir sem verja vöruna fyrir skemmdum í flutningi og eru umhverfisvænar, fjölnota og/eða endurvinnanlegar og reyna að lágmarka þær eins og kostur er.

Þjónustukaup

Veitt þjónusta skal vera unnin samkvæmt forskrift í gerðum samningum, þjónustuloforði birgja (SLA) eða verklýsingu samþykktra tilboða.

Óheimilt er að hefja vinnu við þjónustu sem þarfnast aðgangs að gögnum eða upplýsingum um starfsfólk eða skjölstæðinga fyrr en vinnsla upplýsinga hefur verið skilgreind, skráð í vinnsluskra HSS og heimiluð af persónuverndarfulltrúa stofnunarinnar.

Ef gæði veittrar þjónustu eru ekki í samræmi við ofangreint áskilur HSS sér rétt til að halda eftir greiðslum í hlutfalli við áætlaðar vanefndir þar til gæði veittrar þjónustu teljast fullnægjandi

Hlutaafgreiðsla og vanefndir

Óheimilt er að afhenda hluta af pöntuðum vörum nema með samþykki innkaupadeildar HSS. Í þeim tilvikum sem hlutaafgreiðsla fer fram án samþykkis HSS telst viðkomandi afgreiðsla lokaafhending á pöntun og telst vera vanefnd pöntun.

Birgir skal tilkynna HSS án tafar um fyrirsjáanlegar vanefndir á skyldum sínum samkvæmt innkaupapöntun, gildandi samningum og skilmálum þessum.

Vanefni birgir verulega skyldur sínar samkvæmt innkaupapöntunum er HSS heimilt að rifta innkaupapöntun.

Birgjamat

HSS vinnur ítarlegt birgjamat á birgjum sem stofnunin á í viðskiptum við. Birgjamat er unnið með það að leiðarljósi að auka virði viðskiptasambanda stofnunarinnar með virkri endurgjöf og árangursmælingum.

Varnarþing

Ágreiningur sem kann að rísa vegna innkaupaskilmála þessara skal rekinn fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Leiðbeiningar og fyrirspurnir

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar til birgja má finna á vef Fjársýslu ríkisins www.fjs.is.

Fyrirspurnir vegna innkaupamála og innkaupaskilmála HSS má senda til Innkaupadeildar innkaup@hss.is